

**Fundargerð 2. fundar  
Íþróttá- og tómsundaráðs  
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,  
13. nóvember 2018 , kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Fríða Stefánsdóttir, Vitor Hugo Rodrigues Eugenio, Jón Ragnar Ástþórsson, Davíð S. Árnason, Ægir Þór Lárusson, Erla Jóhannsdóttir og Rut Sigurðardóttir.

**Fundargerð ritaði: Fríða Stefánsdóttir**, formaður.

**2. Grunnskólar: félagsstarf nemenda - 1809080**

Málið vísað til ÍT til umfjöllunar frá Fræðsluráði.

"Skólastjórar beggja grunnskólanna ræddu félagsstörf nemenda í skólunum. Fram kom að óvissa hefur myndast í málaflokknum í Garðinum og koma þarf málum á hreint. Einnig kom fram að félagslíf fyrir miðstigið í Sandgerði er með minnsta móti og þyrfti að efla það með einhverjum hætti.

Afgreiðsla:

Fræðsluráð tekur undir að efla þyrfti félagsmiðstöðvar í báðum bæjarhlutum og óskar eftir því að Íþróttá- og tómsundaráð taki málið til umfjöllunar."

*Íþróttá og tómsundaráð tekur undir með Fræðsluráði að auka opnunartíma félagsmiðstöðva í sveitarfélaginu og leggja aukna áherslu á skipuleggja starf fyrir allan aldur. Til þess þarf aukið fjármagn til að gæta jafnræðis og forvarnaskini beggja þéttbýliskjarna.*

*Afgreiðsla: Vísað til fjárhagsáætlunarvinnu.*

**4. Íþróttamaður ársins - 1811002**

Taka þarf ákvörðun hvort viðburðurinn Íþróttamaður ársins verði í nýju sveitarfélagi og þá hvernig reglur gilda um valið.

*Fyrir fundinum liggja drög að reglum um Íþróttamann ársins í sameinuðu sveitarfélagi Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs. Íþróttá og tómsundaráð leggur til að tilnefningu á Íþróttamanni ársins verði í nýju sveitarfélagi.*

*Afgreiðsla: Vísað til frekari vinnslu.*

**1. Félagsmiðstöðvar - 18061412**

Skoðaðar verða aðstöðurnar sem félagsmiðstöðvar sveitarfélagsins hafa. Fundurinn hefst í Eldingu, síðan verður haldið í Skýjaborg og þaðan í ráðhúsið í Sandgerði.

*Fundarmenn fóru og skoðuðu aðstöðu félagsmiðstöðvarnar Eldingu, Auðarstofu og Skýjaborg. Íþróttá og tómsundaráð óskar félagsmiðstöðinni Skýjaborg til hamingju með nýja og glæsilega aðstöðu og leggur áherslu á að unnið verði svipaða vinnu í félagsmiðstöðinni Eldingu.*

*Afgreiðsla: Lagt fram.*

### **3. Fjárhagsáætlun 2019 - Íþróttá og tómstundamál - 1811004**

Farið verður yfir drög að fjárhagsáætlun 2019 fyrir málaflokka Íþróttá og tómstundaráðs.

*Fyrir fundinum liggja drög að fjárhagsáætlun 2019 fyrir málaflokka sem tilheyra frístundum og forvörnum í sveitarfélaginu.*

*Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.*

### **5. Lýðheilsugöngur FÍ 2018 - 1806884**

Sameiginlegt Sveitarfélag Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs tók þátt í verkefninu Lýðheilsugöngur FÍ og bauð upp á göngur fyrir bæjarbúa alla miðvikudaga í september.

*Sameiginlegt Sveitarfélag Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs tók þátt í verkefninu Lýðheilsugöngur FÍ og bauð upp á göngur fyrir bæjarbúa alla miðvikudaga í september.*

*Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.*

### **6. Heilsu- og forvarnavika á Suðurnesjum 2018 - 1809043**

Sameiginleg Heilsu- og forvarnavika á Suðurnesjum var haldin í október. Meðfylgjandi dagskrá til kynningar.

*Sameiginleg Heilsu- og forvarnavika á Suðurnesjum var haldin í október. Lögð var fyrir dagskrá sem í boði var í Sameinuðu Sveitarfélagi Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs.*

*Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.*

Fundi slitið kl. 18:00.

---

Fríða Stefánsdóttir

---

Vitor Hugo Rodrigues Eugenio

---

Jón Ragnar Ástþórsson

---

Davíð S. Árnason

---

Ægir Þór Lárusson

---

Erla Jóhannsdóttir

---

---